

Heilsueflandi grunnskóli

Áhugaverðir dagar og viðburðir fyrir Heilsueflandi grunnskóla á haustmisseri 2023

31. ágúst	Fyrsti fjarfundur með tengiliðum skólaárið 2023-2024 – Hver er staðan í upphafi skólaársins, farið yfir vefsvæðið www.heilsueflandi.is , gátlista, stuðningsefni o.fl. sem skiptir máli. Gott fyrir alla tengiliði að mæta en sérstaklega nýja tengiliði. Fundarboð með Teams hlekk verður sent í tölvupósti.
September	GULUR SEPTEMBER - samvinnuverkefni stofnana og félagasamtaka sem vinna saman að geðrækt og sjálfsvígsforvörnum. Dagskrá með viðburðum fyrir almenning verður kynnt þegar nær dregur, hlekkur er væntanlegur.
6. sep – 4. okt	Göngum í skólann. Sjá nánar hér: http://www.gongumiskolann.is/ ; á síðunni er hægt að skrá skólana og þar koma fram upplýsingar um ýmsa viðburði sem hægt er að tengja við hreyfingu þennan mánuð t.d. Íþróttavika Evrópu 23.-30. september - #BEACTIVE week.
8. sep	Alþjóðlegur dagur læsis. Læsi hefur bein áhrif á heilsu fólks og heilsulæsi er einn af þeim þáttum. Áherslan í ár er „Promoting literacy for a world in transition: Building the foundation for sustainable and peaceful societies“ eða að efla læsi í heimi breytinga – byggja upp grunn fyrir sjálfbær og friðsæl samfélög. Sjá nánar hér: https://en.unesco.org/commemorations/literacyday
10. sep	Alþjóðlegur forvarnardagur sjálfsvíga. Nánari upplýsingar er hægt að finna hér; https://sjalfsvig.is/althjodadagur-sjalfsvigsforvarna/ og á heimasiou EL
28.-29. sep	Menntavika 2023 – Menntastefna og farsæld. Sjá nánar hér: http://menntavika.hi.is/
Október	Forvarnarmánuður - Nánari upplýsingar verða sendar til allra skóla þegar nær dregur. Í þessum mánuði verður sérstaklega hugað að forvörnum í samstarfi við samfélagið og foreldra. Forvarnardagurinn er hluti af þessum mánuði. Einnig má sjá upplýsingar hér: www.forvarnardagur.is/
4. okt	Forvarnardagurinn – Skólar eru hvattir til að skrá sína 9. bekki til þátttöku. Boðið verður upp á málþing í tilefni dagsins og verður því einnig streymt. Frekari upplýsingar verða sendar fljótlega í pósti til allra skóla en einnig má nálgast upplýsingar á www.forvarnardagur.is/
5. okt	Alþjóðdagur kennara. Markmiðið er að beina sjónum að mikilvægi kennarastarfsins fyrir samfélög heimsins.
10. okt	Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn. Skólar eru hvattir til að vekja sérstaklega athygli á geðheilsu og vellíðan og vinna verkefni sem hafa jákvæð áhrif á líðan, auka skilning á andlegri heilsu og hvernig við eflum hana. Frekari hugmyndir að verkfærum sem hægt væri að nota í tilefni dagsins verða sendar tengiliðum í pósti þegar nær dregur.
16. okt	Alþjóðlegur fæðudagur. Skólar eru hvattir til að vekja sérstaklega athygli á hollum matarvenjum eins og fram kemur í <i>Ráðleggingum um mataræði</i> og nýta sér efni úr verkfærakistu um mataræði, t.d. vefsíðuna um Hollara val á Heilsuveru og góðar upplýsingar á vef EL fyrir naeringu barna .
8. nóv	Dagur gegn einelti. Skólar eru m.a. hvattir til að huga að verkferlum í eineltismálum, sjá hér: https://mms.is/eineltismal
15. nóv	Heilsueflandi bekkur (áætluð byrjun) – kynningar og nánari upplýsingar verða sendar í pósti til tengiliða en lagt er upp með að bjóða 7. og 8. bekk þátttöku.
25. nóv – 10. des	Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. 25. nóvember er alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum. Embætti landlæknis býður skólum upp á námsefnið <i>Öruggr saman</i> um samskipti kynjanna sem er ætlað 9. og 10. bekk grunnskóla, sjá nánar hér , hægt er að óska eftir námsefninu með því að senda póst á hgs@landlaeknir.is
10. des	Mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna. Skólar eru hvattir til að vekja sérstaklega athygli á réttindum barna og bent er á námsefni tengt því á síðu Umborðsmanns barna www.barn.is/barnasattmalinn/

[Náum áttum fundir](#) eru að jafnaði einu sinni í mánuði á miðvikudagsmorgnum og verða auglýstir sérstaklega. Fylgist einnig með [facebook síðu Heilsueflandi grunnskóla](#) en þar eru settir inn ýmsir viðburðir og annað er tengist heilsueflingu í skólasamfélaginu.